# ✉ Re: FW: Lyklafellslína 1 og Ísallína 1 - Beiðni um umsögn

| | |
|---|---|
| Búið til | 8.12.2020 16:25:51 |
| Höfundur | Trausti Baldursson |
| Sent | 8.12.2020 16:25:46 |
| Tilheyrir | 202011-0025 - Lyklafellslína 1 og Ísallína 1 - matsáætlun - Beiðni um umsögn |

---

## Efni

| |
|---|
| Re: FW: Lyklafellslína 1 og Ísallína 1 - Beiðni um umsögn |

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 8.12.2020 16:25:46 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is) |
| Til | Egill@skipulag.is, Jakob.Gunnarsson@skipulag.is |

## Innihald

Tilvísun í málsnr. 202011-0025 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 12. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir Lyklafellslinu 1 og Ísallínu 1.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur að hún geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Stofnunin gerir ekki athugasemd við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til og snúa að hlutverki Náttúrufræðistofnunar. Rétt er að það komi fram að stofnunin hefur tekið að sér rannsóknir á gróðurfari, fuglum og jarðminjum. Ekki er gerð athugasemd við þá valkosti sem settir eru fram né við hvernig fyrirhugað er að vinna úr gögnum og setja fram sjálft matið, en ákveðin reynsla er komin af fyrirhugaðri framsetningu. Frummatsskýrsla mun síðan leiða í ljós umhverfisáhrif hvers valkosts fyrir sig að teknu tilliti til mótvægisaðgerða og nauðsynlegrar vöktunar eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)

---

**From:** "Egill Þórarinsson" <Egill@skipulag.is>
**To:** "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "usk@reykjavik.is" <usk@reykjavik.is>; "Garðabær" <gardabaer@gardabaer.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "kopavogur@kopavogur.is" <kopavogur@kopavogur.is>; "Upplýsingar - FERDA" <upplysingar@ferdamalastofa.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "hhk@heilbrigdiseftirlit.is" <hhk@heilbrigdiseftirlit.is>; "eftirlit@eftirlit.is" <eftirlit@eftirlit.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is" <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>
**CC:**
**Subject:** FW: Lyklafellslína 1 og Ísallína 1 - Beiðni um umsögn
**Date:** 12.11.2020 16:48:38

Góðan dag.

Fyrr í dag sendi Skipulagsstofnun tölvupóst þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreinda tillögu að matsáætlun. Fyrir mistök var Orkustofnun tilgreind sérstaklega sem umsagnaraðili í tölvupóstinum.

Umsagnarbeiðni stíluð á réttan aðila mun berast í bréfpósti ásamt greinargerð á pappír.

Með kveðju,

Egill Þórarinsson

---

**From:** Egill Þórarinsson

**Sent:** 12.11.2020 15:50:14

**To:** olfus@olfus.is ;mos@mos.is ;usk@reykjavik.is ;Garðabær ;hafnarfjordur@hafnarfjordur.is ;kopavogur@kopavogur.is ;Ferðamálastofa ;postur@minjastofnun.is ;hhk@heilbrigdiseftirlit.is ;eftirlit@eftirlit.is ;ni@ni.is ;hsl@hsl.is ;heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is ;vegagerdin@vegagerdin.is ;os@os.is ;ust@ust.is ;veitur@veitur.is

**Subject:** Lyklafellslína 1 og Ísallína 1 - Beiðni um umsögn

Góðan dag.

Landsnet hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tillögu að matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttekin 6. nóvember 2020, skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Hér með er óskað eftir að Orkustofnun gefi umsögn um meðfylgjandi tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort Orkustofnun geri athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig til standi að vinna úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmd er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 2. desember 2020 og einnig á tölvupóstfang: jakob@skipulag.is (mailto:jakob@skipulag.is) og egill@skipulag.is (mailto:egill@skipulag.is).

Meðfylgjandi er tillaga að matsáætlun ásamt viðaukum.

Með kveðju,

_____________________________________
**Egill Þórarinsson**
Sviðsstjóri, svið umhverfismats / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Egill@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

## Viðhengi

| |
|---|
| image001.gif (2 KB) |
| image001.gif (2 KB) |